



Selfossi, 26.3.2024

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

19. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn þriðjudaginn 26. mars 2024, kl. 14:30 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóra Steindóra Kristinsdóttir (á teams), Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. **Drög að ársreikningi BÁ vegna ársins 2023**

Pétur kynnti drög að ársreikningi 2023. Umræður. Stjórn samþykkir ársreikninginn.

2. **Lántökur vegna dælubifreiðar og framkvæmda í uppsveitum**

Pétur ræddi fyrirhugaðar lántökur vegna dælubifreiðar og framkvæmda í uppsveitum sem samþykktar voru í fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2024. Stjórn samþykkir að fullnýta heimild til lántöku að upphæð kr 190.000.000.- og veitir Pétri Péturssyni, slökkviliðsstjóra, kt 210873-5979, fulla heimild til að vinna að lánasamningi við Lánasjóð sveitarfélaga.

3. **Drög að samkomulagi milli Brunavarna Árnæssýslu og Björgunarfélagsins Eyvindar**

Pétur kynnti drög að viljayfirlýsingu milli BÁ og Björgunarfélagsins Eyvindar vegna fyrirhugaðrar byggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Stjórn samþykkir viljayfirlýsinguna og stefnir að undirritun hið fyrsta.

4. **Staðan á framkvæmdum á Laugarvatni**

Pétur sagði frá stöðunni á framkvæmdum á Laugarvatni.

5. **Samþykktir BÁ**

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögfræðingur, fór yfir vinnu við gerð nýrra samþykktar fyrir Brunavarnir Árnæssýslu bs.

6. **Önnur mál**

a. **Aðalfundur Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi**

Pétur sagði frá því að aðalfundur Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi verði haldinn á starfssvæði Brunavarna Árnæssýslu í apríl. BÁ sér um alla skipulagningu á fundinum og mun þurfa að standa straum af einhverjum kostnaði í tengslum við fundinn. Umræður. Stjórn samþykkir að fjármagn verði nýtt í þennan viðburð.

b. **Fyrirhuguð árshátíðarferð dagvinnufólks BÁ**

Pétur sagði frá fyrirhugaðri árshátíðarferð dagvinnufólks BÁ í haust. Umræður um kostnað og aðkomu BÁ.

Fleira ekki gert.  
Fundir slitið kl. 16:30

# Undirritunarsíða

Formaður stjórnar  
Helgi Kjartansson

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir

Bragi Bjarnason

Árni Eiríksson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Slökkviliðsstjóri  
Pétur Pétursson

Varaslökkviliðsstjóri  
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari  
Unna Björg Ögmundsdóttir